

2. gr.

Ofangreind gjaldskrá hreppsnefndar Hveragerðishrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. febrúar 1986.*

F. h. r.  
**Páll Sigurðsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

Nr. 142

17. febrúar 1986

## GJALDSKRÁ

fyrir árlega skoðun á sjósetningarbúnaði gúmmibáta.

1. gr.

Gjöld fyrir árlega skoðun á sjósetningarbúnaði gúmmibáta skulu vera sem hér segir:

- |                                                                                                                                                  |          |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------|
| 1. Sjósetningarbúnaður á skipum 15 m. og lengri skv. gr. 7.2 reglna um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa nr. 325/1985 pr. skip kr. .... | 2 150,00 |
| 2. Sjósetningarbúnaður umfram kröfur pr. búnað kr. ....                                                                                          | 750,00   |
| 3. Losunarbúnaður samkvæmt gr. 7.1 reglna um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa nr. 325/1985 kr. ....                                    | 1 400,00 |

2. gr.

Gjöld samkvæmt 1. gr. skulu innheimt af þeim aðilum sem siglingamálastjóri hefur veitt heimild til að annast skoðun og viðhald sjósetningarbúnaðar gúmmibjörgunarbáta.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er með heimild í gr. 7.5 reglna um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa nr. 325/1985 sbr. 46. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 52/1970, sbr. l. nr. 57/1972 öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 17. febrúar 1986.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*